

111. fundur

Skólanefnd Tónlistarskólans í Stykkishólmi hélt fund 15. maí 2006 kl. 21:00 í kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Starfsmannamál.
3. Gjaldskrá fyrir skólaárið 2006-2007.
4. Önnur mál.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, Elísabet L. Björgvinsdóttir, Sævar Harðarson og Sigurður Páll Jónsson.

1. Skýrsla skólastjóra.
Alls eru 43 nemendur búnir að taka stigspróf á vorönn. Tveir nemendur skólans halda burtfararprófstónleika þann 18. maí sem er í fyrsta skipti í sögu skólans. Samspilstími var haldinn þar sem um 60 nemendur tóku þátt og þótti takast mjög vel.
Tónfundir verða haldnir frá 22.-24. maí og verða skólaslit þann 25. maí kl. 14:00.
2. Starfsmannamál.
Allir kennarar koma til með að vera næsta skólaár. Hólmgeir Þórsteinsson píanókennari hefur óskað eftir að minnka starfshlutfall sitt í 50% næsta árið. Ákveðið að auglýsa eftir kennara.
3. Gjaldskrá fyrir skólaárið 2006-2007.
Ákveðið að hækka gjaldskrá um ca. 5%
4. Önnur mál.
Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum sínum yfir fækkun nemenda sem hægt er að taka inn í skólann vegna fjölda nemenda sem halda áfram í tónlistinni samhliða námi í FSN. Á næsta skólaári má gera ráð fyrir að 6-10 nemendur haldi áfram á hverju ári. Innan tveggja ára munu því 1-2 stöðugildi sinna kennslu nemenda á framhaldsskólaaldri.

Fundi slitið kl. 22:20.

Sævar Harðarson (sign.),
Sigurður Páll Jónsson (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).